



Fundur í Hafnarnefnd

10. fundur Hafnarnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu sveitarstjóra, Fjarðarvegi 3, Þórshöfn föstudaginn 9. september 2016 og hófst kl 15:00.

Mættir voru: Halldór Stefánsson formaður, Rafn Jónsson, Jónas Jóhannson, Ari Sigfús Úlfsson, Elías Pétursson og Nína Björg Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki

Dagskrá:

1. Rekstur Langaneshafna fyrstu sex mánuði ársins

Hafnarstjóri fór yfir rekstur hafna fyrstu 6 mánuði ársins. Ljóst er að tekjur standa ekki undir væntingum. Hafnarstjórn leggur á það áherslu að fundið sé meira samræmi milli tekna og kostnaðar.

2. Innsent erindi – Færsla á Hafnarlæk

Erindi barst er varðar staðsetningu Hafnarlækjarins og ferskvatn í höfninni á Þórshöfn.

Hafnarnefnd felur hafnarstjóra að gæta að því að núverandi útrennsli úr Hafnarlæknum sé virkt, sem hefur ekki verið og árangur af því verði metinn eftir veturinn.

3. Bakkafjarðarhöfn – verkefni lokin sem og ólokin (gamli krani)

Hafnarstjóri fór yfir málið.

Búið er að lagfæra rafmagnsstaura sem voru bilaðir og koma rafmagni í höfninni. Búið er að ganga frá rekkverki á löndunarbryggju. Búið er að gera tilraunir til að laga gamla kranann en þær hafa ekki borið árangur. Búið er að gera plan og snyrta hafansvæðið. Á síðasta ári voru sett ný innsiglingarljós ásamt ýmsu öðru.

Útaf stendur gamli kraninn. Hafnarnefnd felur hafnarstjóra að áætla kostnað við viðgerð og áætla kostnað við endurnýjun krana.

4. Önnur mál

Aðstaða við olíubryggju þarfnast skoðunar. Formaður athugar málið.

Hafnarstjóra falið að koma vatni á flotbryggjuna yfir sumartímann.

Hafnarstjóra falið að athuga hvernig hægt sé að koma rafmagni upp fyrir bátana uppi á landi.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 16:20